



Jafnréttisáætlun Krikaskóla

Jöfn staða kvenna og karla er grundvallaréttur og jöfn þátttaka kvenna og karla í ákvarðanatöku er forsenda lýðræðislegs þjóðfélags.

Allir einstaklingar skulu eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kynferði.

1. Starfsmönnum og börnum í Krikaskóla skal ekki mismunað vegna kynferðis, kynhneigðar, aldurs, útlits, uppruna, trúar- eða stjórnmálaskoðana.
2. Með jafnréttisáætluninni lýsir Krikaskóli vilja sínum til að bregðast við aðstæðum sem benda til misréttis.
3. Krikaskóli vill jafnan hlut karla og kvenna í starfsliði skólans og mun hvetja til þess m.a. í atvinnuauglýsingum að bæði kynin sækji um laus störf í skólanum.
4. Það er eindregin vilji að námsárangur beggja kynja sé svipaður og ef ójafnvægi kemur fram skal það kannað og áætlun um úrbætur útfærð.
5. Þá vill skólinn sniðganga það efni sem felur í sér kynþáttahyggju, samkynhneigðarfærni, kynjamisrétti eða annað það efni sem kann að hafa mótandi áhrif á kynhlutverk eða staðalmyndir í nútíma samfélagi.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímasetning
Að framfylgja jafnréttisáætlun skólans	Skipa jafnréttisnefnd fyrir skólaárið 2019-20	Skólastjórnendur	Ágúst 2019
Kynna jafnréttisáætlun og birta á heimasíðu skólans	Jafnréttisnefnd falið að kynna áætlun fyrir starfsfólki, börnum og foreldrum	Jafnréttisnefnd	September 2019
Áætlunin verði endurskoðuð í ljósi skólaþróunar	Endurskoðun samhliða endurskoðun starfsáætlunar skólans	Skólastjórnendur	Apríl 2020
Að fá bæði karla og konur til starfa í Krikaskóla	Tekið skal fram að bæði kynin séu hvött til að sækja um laus störf	Skólastjórnendur	Ágúst 2019

Börn í Krikaskóla

Með jafnréttisstefnu Krikaskóla er leitast við að koma til móts við öll börn eins og hægt er til þess að auka vellíðan og þroska þeirra á meðan á námi stendur.

Aðstaða barna til náms og annarra þátta skólstarfsins skal vera jöfn óháð kynferði, kynhneigð, útliti, trúarskoðun eða uppruna.

1. Jafnt aðgengi kynja skal vera að upplýsingum um réttindi og skyldur, námstilboð og aðstöðu til náms og aðgengi að heimildaöflun.
2. Sveigjanleiki og fjölbreytni er mikilvæg til að koma til móts við ólíka aldurshópa og ólíka þroskaframvindu hvers einstaklings. Notaðar skulu fjölbreyttar kennsluaðferðir til að koma til móts við börnin í Krikaskóla.
3. Börnin fái jafnréttisfræðslu í skólstarfi og fái tækifæri til að reyna sig í ýmsum hlutverkum.
4. Börnin skulu hvött til að mynda sér skoðun á jafnréttismálum sem og öðrum málum og koma þeirri skoðun sinni á framfæri innan skólans. Jafnrétti og virðing skal ríkja við slík skoðanaskipti.
5. Börn eiga ekki að þurfa að þola kynbundið ofbeldi, kynbundna áreitni eða kynferðislega áreitni sem getur átt margar birtingarmyndir s.s. orðfæri, djörfum klæðaburði, samskiptum eða gamansemi sem er niðurlægjandi fyrir annað eða bæði kynin. Börn eiga ekki að þurfa að þola slíka hegðun af hendi annarra barna né af starfsmönnum skólans.
6. Kennarar og stjórnendur bera ábyrgð á að kynna áætlun þessa fyrir börnum í skólanum eftir aldri þeirra og þroska.
7. Kennslu- og námsgögn skulu þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað.
8. Í náms- og starfsfræðslu og við ráðgjöf í skólum skulu piltar og stúlkur óháð kyni hljóta fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímasetning
Unnið skv. markmiðum aðalnámskráa um jafnrétti í skólum	Kennarar taki mið af markmiðum sem lúta að kennslu í jafnréttindum m.a. við aldur og þroska barna.	Deildarstjórar og umsjónarkennarar	Ágúst 2019
Viðhafa skal fjölbreyttar kennsluaðferðir og námsefni skal vera fjölbreytt og áhugavert. Gætt skal að því að kynjum sé ekki mismunað með kennslu- og námsgögnum	Kennarar kanni námsefni og bjóði upp á fjölbreytta nálgun sem styrki einstaklinginn í námi óháð kyni.	Deildarstjórar og umsjónarkennarar	Ágúst 2019 og endurskoðist reglulega yfir skólaárið

Fyrirbyggja kynbundið ofbeldi, kynbundið og kynferðislegt áreitni innan skólans	Fræðsla til starfsmanna skólans og foreldra	Deildarstjórar, umsjónarkennarar, hjúkrunarfræðingur og verkefnastjóri sérkennslu	September/október 2019
Náms og starfsfræðsla skal taka mið af því að veita báðum kynjum jafna fræðslu og jöfn tækifæri	Öll fræðsla sem veitt er skal byggja á jafnræði kynjanna og veita skal kynjunum jöfn tækifæri	Deildarstjórar, Umsjónarkennarar, Hjúkrunarfræðingur og verkefnastjóri sérkennslu	Ágúst 2019

Starfsmenn í Krikaskóla

Leitast skal við að starfsmenn skólans verði meðvitaðir um jafnrétti og hvað það felur í sér.

1. Kynferði skal ekki ráða launa-eða starfskjörum starfsmanna í Krikaskóla. Jafna skal aðgang að hlunnindum til starfsmanna.
2. Aðgengi og aðstaða til vinnu skal vera á jafnréttisgrundvelli.
3. Námskeið sem eru á vegum skólans, skv. sí-og endurmenntunaráætlun skulu vera í boði fyrir alla starfsmenn skólans eftir menntun þeirra og stöðu í skólastarfinu.
4. Kannanir skulu framkvæmdar meðal starfsmanna um jafnan rétt karla og kvenna innan skólans.
5. Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni er ekki liðin í Krikaskóla. Með því er átt við myndir, djarfan klæðnað, orðfæri, samskipti eða gamansemi sem vísar til kynferðis eða kynhneigðar og eru á einhvern hátt niðurlægjandi fyrir annað eða bæði kynin. Ágreiningsmálum sem upp koma skal vísað til skólastjórnenda til úrvinnslu.
6. Laus störf skal auglýsa og höfða til beggja kynja að sækja um laus störf í Krikaskóla. Kynin skulu einnig hafa jöfn tækifæri til starfsþjálfunar, endurmenntunar og að sækja námskeið til að efla hæfni sína í starfi.
7. Starfsmönnum Krikaskóla skal gert kleift að samræma starfsskyldur sínar og fjölskylduábyrgð eins og framast er kostur. Eins skal auðvelda starfsmönnum að snúa aftur til starfa eftir veikindi, fæðingarorlof eða leyfi vegna óviðráðanlegra og brýnna fjölskylduaðstæðna.

Starfsmanni sem uppvís verður að kynferðislegri áreitni við barn skal umsvifalaust vikið úr starfi og málinu vísað til barnaverndaryfirvalda.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímasetning
Að gæta að jafnræði í launa-og starfskjörum	Gæta þess að konur og karlar fái sömu laun fyrir sambærileg störf og jafnverðmæt störf. Auglýsa skal sérstaklega eftir báðum kynjum.	Mannauðsstjóri Skólastjórnendur	Apríl 2019 og ágúst 2019
Að endurskoða stöðu jafnréttismála innan skólans	Hafa að leiðarljósi við vinnustaðagreiðingu í Mosfellsbæ	Mannauðsstjóri Skólastjórnendur	Maí 2019
Að kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni eða kynferðisleg áreitni sé ekki liðin á vinnustaðnum	Fræðsla um einelti, kynbundið ofbeldi, kynbundna áreitni og kynferðislega áreitni fyrir starfsfólk á starfsmannafundi	Skólastjórnendur Jafnréttisnefnd	September 2019
Að sveigjanleika sé gætt í sambandi við fjölskylduábyrgð starfsmanna	Tekið sé tillit til ólíkra þarfa fólks eftir því sem mögulegt er vegna ábyrgðar stofnunarinnar	Skólastjórnendur Mannauðsstjóri	Nóvember 2019

Jafnréttisáætlun Krikaskóla tekur mið af Jafnréttisstefnu Mosfellsbæjar 2014-2018 sjá meðfylgjandi netslóð; <http://www.mosfellsbaer.is/library/Skrar/.pdf-skiol/Jafnrettismal/Jafnr%C3%A9ttis%C3%A1%C3%A6tlun%202014-2018-1.pdf> og Jafnlaunavottun 2018-2021 sjá á meðfylgjandi netslóð; <http://www.mosfellsbaer.is/stjornkerfi/mannaudur/jafnrettismal/jafnlaunavottun-2018-2021/>.

Tekur mið af lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 sjá meðfylgjandi netslóð; <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2008010.html>

Mosfellsbær, 9. nóvember 2018
Prúður Hjelm, skólastjóri Krikaskóla